

**Kristín Tómasdóttir á Austurvelli 29. nóvember 2008**

## **Kæra ÞJÓÐ!**

Jón Ásgeir Jóhannesson ber ábyrgð.  
Pabbi hans, hann Jóhannes, hann ber líka ábyrgð.  
Davið Oddson ber ábyrgð.  
Geir H. Haarde ber mikla ábyrgð.  
Fjármálaeftirlitið ber ábyrgð.  
Björgólfur Thor ber ábyrgð.  
Pabbi hans ber líka ábyrgð.  
Allir gömlu bankastjórnarnir bera ábyrgð.  
Sjálfstæðisflokkurinn,  
Ríkisstjórnin í heild sinni.  
Framsóknarflokkurinn.  
Hinir seðlabankastjórnarnir  
Og mögulega nokkri aðilar í viðbót.

Ábyrgð á því hvernig fyrir okkur er komið og að við skuldum upphæðir sem við kunnum ekki að bera fram. Ábyrgð á því að við búum í samfélagi með gjaldeyrishöftum og það er vegna þeirra gjörða sem að við búum nú í samfélagi sem er svo heft og lamað að það er ekki hægt að stunda hér uppbyggileg og heiðarleg viðskipti lengur.

Ég aftur á móti er ung, ég er búin að mennta mig, ég vinn mína vinnu fyrir ósköp venjuleg laun, ég á ekki neitt og ég skulda ekki neitt. Þar til ég fékk þær fréttir að ég eins og hvert annað mannsbarn hér á landi væri skuldsett upp fyrir haus.

Mikið hefði ég viljað ráðstafa þeim peningum sjálf.

Ég ber ekki ábyrgð og almenningur ber heldur enga ábyrgð.

Við stöndum hér mörg þúsund í dag og ég get sagt ykkur hverjir bera ábyrgðina. Mismikla mögulega, en við vitum alveg hverjir báru ábyrgðina. Ríkisstjórnin aftur á móti ætlar að bjóða okkur uppá það að rannsóknarnefnd skipuð vinum þeirra rannsaki hverjir báru ábyrgðina í heilt ár!!! Heilt ár takk fyrir og fullt af peningum. Enda mikilvægt fólk á ferðinni og þarf góð laun og góður líferyri væri líka vel þeigin.

Þetta er flókið, en ekki svo flókið að heil nefnd af vinum vina þurfi að sitja við í heilt ár og klóra sér í kollinum.

Ríkisstjórnin talar um að það sé auðvelt að gagnrýna, að þau vinni baki brotnu og að það verði að tala í lausnum og finna bærulegustu leiðina út.

**En fyrst svona er í pottin búið kærur samlandar þá skulum við tala í lausnum.**

Byrjum á að afnema bankaleynd með öllu. Samfélagið þyrstir í opin og heiðarleg vinnubrögð á öllum sviðum, þar á meðal í viðskiptum. Við eigum að sjálfsögðu að vita hvernig er í pottinn búið, hver kaupir hvað og á hvaða kjörum. Að öðrum kosti getum við ekki vitað hvaða kröfur við getum gert.

Á undanförunum dögum hafa síður blaðanna verið þaktar með lærðum greinum um mikilvægi bankaleyndar, enda sé hún forsenda trausts í viðskiptum. Það get ég ekki með nokkru móti skilið.

Bankaleynd er jafn fátánleg og ef hér ríkti verðleynd. Ímyndum okkur að það ríkti leynd á því hvað mjólkurpotturinn kostaði - eða matseðlar á veitingahúsum væru án verða. Það væri bara undir viðskiptakænsku hvers og eins komið hvaða kjör byðust.

Nei. Um bankaleynd gildir það sama og launaleynd. Hún er til þess eins fallin að hylma yfir óheiðarlega viðskiptahætti. Það getum við ekki sætt okkur við.

Þegar við erum búin að afnema bankaleyndina skulum við gefa út skuldabréf á áður nefnda ábyrgðaraðila. Skuldabréfin geta hljóðað uppá milljarða hundruðin frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum og alla hina vittleysuna sem hér hefur fengið að viðgangast.

Að því loknu skulum við ná í eignirnar okkar.

Heimilislausir gætu flutt inná Fríkirkjuveg 11. Seljum einkapoturnar og lúxusvillurnar og millifærum peningana tilbaka frá skattaparadísunum inni hið íslenska skrájaf þurra hagkerfi.

Og færi ekki vel um lang veik börn í sumarhúsinu hans sigurðar einarssonar fyrrverandi forstjóra Kaupþings?

Þá ætti dillinn að vera orðinn nokkuð sanngjarn - og við getum farið að einbeita okkur að alhliða endurmati á gildum þjóðarinnar. Beinum lotningunni af útrásarvíkingunum yfir á leikskólakennara, ljósmæður, kennara, hjúkrunarfræðingar og allar þær mikilvægu stéttir sem hlúa að okkur og börnunum okkar á hverjum einasta degi og hafa gert í aldana rás.

Þessar stéttir hafa gætt grunnstoða samfélagsins á meðan hetjurnar okkar og ráðamenn skapa góðæri og kreppur til skiptis. Án leikskólakennara, ljósmæðra, kennara og hjúkrunarfræðinga skiptir efnahagsástand engu máli. Endurskilgreinum þau verðmæti sem felast í ábyrgð. Ábyrgð á börnum, menntun og heilbrigði þjóðarinnar skulum við meta meira en ábyrgð á pappír, skuldabréfum og peningum.

Öllu þessu má svo auðveldlega ljúka fyrir 1.nóvember.2009 á sama tíma og skýrsla félaganna í nefndinni á að liggja fyrir!

Fyrir ári síðan var ég að skoða fasteignamarkaðinn. Háværar raddir voru uppi um að það væri svo gott að eiga íbúð og mér fannst komin tími á að festa ráð mitt. Samt var alltaf eitthvað sem sagði mér að það væri ekki rétt að kaupa sína fyrstu íbúð, einhverja kjallara holu í miðbænum 20 milljónir.

Fyrir ári síðan furðaði ég mig á ofurlaununum, ég gat ekki skilið hvers vegna menn sem möndluðu með hlutabréf allan daginn gátu flogið um á einkapotum og boðið Elton Jhon og Tom Jones í afmælið sitt. Mér fannst það rangt á þeim forsendum að hér höfðu heilu stoðstéttirnar háð endalaus launabaráttu um smáaura svo öldum skipti.

Þessir menn þénuðu meira á einum mánuði en ég mun vinna mér á allri æfi minni! Á góðri íslensku þá meikaði þetta bara ekki sens.

Ég verð því að segja að í dag, þegar hulunni hefur verið svipt af allri vittleysunni er ég ögn bjartsýnni en ég var fyrir ári, þrátt fyrir þessa miklu krísu.

Ég á mér draum og hef reyndar átt lengi. Draum sem ekki þótti merkilegur á tímum peningafyllerísins. Draum um jöfnuð, engin ofurlaun en heldur enga fáttækt. Draum um lýðræði, kynjajafnrétti, mannréttindi, samkennd, samvinnu og frið.

---

Ég vil trúá því að draumur minn geti orðið að veruleika - og sér í lagi nú, þegar ríkjandi gildi græðgi, gáleysis og girnd og ríkjandi hugmyndafræði stjórnmalaflokkana gengur ekki upp. Þá trúi ég því að við getum kosið okkur nýtt fólk við stjórnvölinn sem við virðum og treystum.

Fólk með nýja stefnu og nýjar leiðir. Rífum gömlu flokka girðinguna og horfumst í augu við að hún er úrelt.

Kæra þjóð! Beislum kraftinn sem hér er, virkjum allt hugsandi fólk. Náum saman í grasrótinni og búum til nýtt Ísland þar sem okkur öllum getur liðið vel.

Við erum þjóðin og valdið er okkar.

**Kristín Tómasdóttir**